| |
|---|
| **Mættir**: Guðríður, Guðmundur, Tinna, Steinþór, Gerður og Svandís |
| **Forfallaðir**: Eysteinn, Ingibjörg og Írena |
| **Staður og tími**: N 101 |
| **Fundarefni**: |

| **Efnisatriði** | **Ábyrgð/dags. lokið ef við á**: |
|---|---|
| 1.<br>Fjármál skólans: fjármálastjóri skólans fór yfir fjármál skólans. Veikindi um 3% sem er gott miðað við almennan markað.<br><br>Stæði: Umræður um að leigja út bílastæði nemenda á sumrin. Málið verður kannað á vorönn.<br><br>Aðsókn í skólann: ca. 160 umsóknir komnar, umsóknafrestur rennur út 2. des. Um 90 nemendur hafa sótt um starfsnámsgreinar og um 70 í bóknám. Mikil aðsókn og ekki hægt að taka marga inn. Fyrst og fremst nemendur fæddir 2007 og 2008 hafa sótt um. Einhverjir af þessum umsækjendum sóttu um í haust.<br><br>Vatnsleysi á fimmtudaginn: Guðríður sagði frá því að heitavatnslaust verður næstkomandi fimmtudag og því verður skólastarfi hagað eftir því.<br><br>Meistaradagurinn: undirbúningur hafin en framkvæmdarstjóri Hótel- og matvælaskólans heldur utan um undirbúninginn.<br><br>Ræðuhöld í útskrift: Ingibjörg Auður tekur útskriftarræðuna og Guðmundur verður til vara. | |
| 2.<br>Foreldraráð: Starfsreglur eru komnar á heimasíðu skólans og búið er að funda tvisvar sinnum í ráðinu. | |
| 3.<br>Ráðning aðstoðarskólameistara: Helene núverandi aðstoðarskólameistari sótti ein um stöðuna, hún hefur staðið sig mjög vel, þekkir skólann vel og | |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026

| | |
|---|---|
| stundar nám í stjórnun Menntastofnana. Samþykkt að ráða hana til fimm ára. | |
| 4.<br>Önnur mál: Spurt hvort MK fari í verkfall en Guðríður hefur ekkert heyrt um það. | |

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl.: 13:00**
**Fundargerð hélt: Guðríður Hrund**

Skjal sótt af '000000000' dags: 18.08 2026